

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	9.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Eskja hf. Eskifirði	Eftirlitsmaður	Helga Hreinsdóttir
Heimili	Strandgötu 2/Marbakka	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	6301694299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Haukur L Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	734232,988 517289,471

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik voru skráð í eftirlitinu. Tvö frávikanna varða mælingar á mengun, þ.e. mælingu á ryki frá brennslu olíu og samantekt á heildarlosun lífrænna efna í sjó. Hin tvö frávikin varða geymslu á efnavöru og skort á aðgengi skráninga á innra eftirliti. □

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Helga Hreinsdóttir.

Á fundi með verksmiðjustjóra var farið yfir ákvæði starfsleyfis, seinustu eftirlitsskýrslu og fleiri gögn.

Í eftirliti ársins 2016 voru staðfest eftirfarandi fjögur frávik og fyrirtækinu gefinn kostur á að leggja fram úrbótaáætlun.

- Grænu bókhaldi skv. grein 3.3 í starfsleyfi var skilað 7.6.2017
- Lofthraðamælingu var skilað 1.6.2017, en rykmengun í skorsteini hefur ekki verið mæld (greinar 2.9, 2.13 og 3.2 í starfsleyfi). Stefnt var að slíkum mælingum fyrir 1.9.2017, en þær hafa ekki farið fram.
- Hljóðmælingu skv. grein 3.4 í starfsleyfi var skilað 1.6.2017
- Áform um minnkun fitu niður fyrir 100 mg/l skv. grein 2.17 var skilað 1.6.2017
- Samantekt um heildarlosun efna í sjó um frárennsli verksmiðjunnar, sbr. grein 5.2 í starfsleyfi hefur ekki verið skilað. Skv. upplýsingum sem fram komu á fundinum er verkfræðistofa að vinna þessa samantekt, en henni hefur ekki verið skilað.

Enn vantar því gögn um mælingar á ryki í útblæstri og samantekt um heildarlosun efna í sjó um fráveitulagnir verksmiðjunnar.

Á fundinum kom enn fremur fram að ekki er búið að taka í notkun hreinsivirki í nýju frystihúsi fyrirtækisins. Einnig að nýir blásarar eru komnir á staðinn en ekki er farið að nota þá ennþá. Minnt er á að mæla þarf útblásturshraða á ný þegar þeir hafa verið teknir í notkun eða vinna loftdreifilíkan ef hraðinn er undir 20 m/sek skv. grein 2.13 í starfsleyfi.

Sýni af fráveitu hafa verið tekin undanfarin 3 ár í maí, desember og apríl, en alltaf þegar kolmunni er í vinnslu. Skv. grein 5.2 í starfsleyfi skal taka frárennismælingar við vinnslu helstu tegunda af bræðslufiski og bæði við venjulega vinnslu og löndun. Skv. upplýsingum frá verksmiðjustjóra er vinnslutími fyrir síld og makríl yfirleitt of stuttur til að tóm gefist til sýnatöku.

Skráningar skv. gr. 3.3. í starfsleyfi, þ.e. vegna þjónustu við fitugildru og skil á spilliefnum voru ekki fyrirliggjandi við eftirlit. Keyrslutími olíubrennara er ekki skráður en notkun rotvarnarefna o.p.h. er skráð í grænu bókhaldi fyrirtækisins.

Skoðun á vettvangi fór þannig fram að gengið var um verksmiðjuna og umhverfi hennar.

- Umhverfið allt ber þess merki að framkvæmdum er ekki lokið við nýtt frystihús en tiltekt er hafin.
- Plön og gólf verksmiðjunnar, bæði úti og inni, eru gróf og illa farin, þannig að víða standa uppi pollar með óhreinu vatni.

• Í efnavörugeymslu stóð bambi með klór og annar með sóða við hlið hans, báðir óvarðir og rétt við niðurfall í gólfi. Farið er fram á að efnavara sé geymd í lekabyttu til að tryggja að efnin berist ekki í fráveitukerfi.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.24 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Efnavöru skal geyma og meðhöndla þannig að mengunarhætta sé eins takmörkuð og kostur er. □

Í efnavörugeymslu stóð bambi með klór og annar með sóða við hlið hans, báðir óvarðir og rétt við niðurfall í gólfi. Farið er fram á að efnavara sé geymd í lekabyttu til að tryggja að efnin berist ekki í fráveitukerfi. □

ákvæði í grein 2.9 í starfsleyfi

Ekki hafa verið framkvæmdar rykmælingar á útblæstri frá skorsteini og ekki er með skráningum hægt að sýna fram á að notkun olíubrennara

sé undir 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar. Sama frávik var skráð í eftirliti ársins 2016.□

ákvæði í grein 3.3 í starfsleyfi

Skráningar á innra eftirliti voru ekki aðgengilegar við eftirlit.□

ákvæði í grein 5.2 í starfsleyfi □

Samantekt á heildarlosun lífrænna efna í sjó um frárennsli verksmiðjunnar liggur ekki fyrir. Sama frávik var skráð í eftirliti ársins 2016.□

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við óþrif kringum verksmiðjuna þar sem vatn stendur uppi á grófum plönnum.□

17.11.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Gottskálk Friðgeirsson